

## SAMNINGUR

### Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps um velferðar-, fræðslu- og frístundaþjónustu.

#### 1. gr.

##### *Aðild, tengiliðir og lagagrundvöllur.*

Akureyrarbær annars vegar og Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur hins vegar (hér eftir sameiginlega „aðildarsveitarfélögin“ eða „samningsaðilar“) hafa ákveðið að gera með sér samning um velferðarþjónustu með vísan til 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skólaþjónustu með vísan til laga nr. 91/2008 um grunnskóla og laga nr. 90/2008 um leikskóla ásamt síðari breytingum, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Tengiliðir samnings þessa eru sviðsstjóri velferðarsviðs Akureyrarbæjar og sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar.

Auk almennrar heimildar sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga byggir samningur þessi eftir því sem við á hverju sinni á gildandi lögum og tengdum reglum og reglugerðum á hverjum tíma.

#### 2. gr.

##### *Valdheimildir.*

Akureyrarbær er leiðandi sveitarfélag og felur það í sér að önnur aðildarsveitarfélög samningsins hafa framselt vald til töku ákvæðana í málaflokkum sem undir hann heyra til Akureyrarbæjar, sbr. þó ákvæði 3. gr. samnings þessa um ábyrgð á framkvæmd verkefna. Endanleg ábyrgð á ákvörðunum liggur hjá bæjarstjórn Akureyrarbæjar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Aðildarsveitarfélög skulu tryggja að valdframsal til Akureyrarbæjar sé í samþykktum þeirra um stjórn og fundarsköp. Akureyrarbær hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Akureyrarbæjar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Ákvæði 3. og 4. gr. samnings þessa, sbr. 7. gr., tekur á þeim verkefnum sem falla innan og utan samningsins. Þar sem ákvæðum samnings þessa sleppir að öðru leyti um verkefni sem Akureyrarbær tekur fyrir aðildarsveitarfélögin er ávallt þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis.

Akureyrarbær ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur því ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma annarra aðildarsveitarfélaga að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð í gegnum samráð, sbr. 6. gr. samnings þessa.

#### 3. gr.

##### *Velferðarþjónusta.*

Með samningi þessum tekur velferðarsvið Akureyrarbæjar að sér að veita félagsþjónustu í öllum aðildarsveitarfélögum gegn greiðslu. Um er að ræða eftirfarandi þjónustuþætti:

Mat á þörf fyrir þjónustu:

- Fjárhagsaðstoð
- Stuðningþjónusta
- Stuðningsfjölskyldur

Félagsþjónusta:

- Félagsleg ráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Húsnæðisráðgjöf
- Uppeldisráðgjöf
- Skilnaðarráðgjöf
- Stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra
- Málstjórn á 2. stigi
- Ráðgjöf vegna endurhæfingar
- Gerð endurhæfingaráætlana, utanumhald og eftirfylgni
- Ráðgjöf vegna fíknivanda
- Ráðgjöf til erlendra ríkisborgara og flóttafólks

- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Meðferð mála sem varða nauðungarvistanir og sviptingar samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 hjá sýslumanni og á fyrsta dómstigi

Forvarnir:

- Námskeið:
  - Samvinna eftir skilnað (SES)
  - Félagsfærni (PEERS)
  - Uppeldisnámskeið
  - Önnur þau námskeið sem í boði eru hverju sinni

Aðildarsveitarfélögin fela Akureyrarbæ skipulag og framkvæmd ofangreindar þjónustu, auk þess að setja reglur um alla þá þjónustubætti sem samningurinn nær til. Aðildarsveitarfélögin veita Akureyrarbæ umboð til þess að taka fullnaðarákvarðanir um alla ofangreinda þjónustu.

Í félagsþjónustunni felst að starfsmenn velferðarsviðs Akureyrarbæjar annast móttöku og úrvinnslu á umsóknum um tiltekna þjónustu, taka ákvörðun á grundvelli gildandi reglna Akureyrarbæjar um viðfangsefnið og upplýsa bæði umsækjanda og aðildarsveitarfélagið um niðurstöðu málsins. Starfsmenn velferðarsviðs Akureyrarbæjar annast einnig ráðgjöf, mat á þjónustubörf m.a. vegna aðlögunar á umhverfi og hjálpartækjaráðgjöf.

Þegar mat og/eða ráðgjöf hefur verið framkvæmd af hálfu starfsfólks velferðarsviðs skal viðeigandi aðildarsveitarfélag upplýst um niðurstöðu umsóknar skv. reglum Akureyrarbæjar. Almenn framkvæmir Akureyrarbær ákvarðanir skv. 3. gr. samnings þessa, en í undantekningartilvikum er ákvörðunin send til viðeigandi aðildarsveitarfélags, sem sér um að tilkynna umsækjanda um niðurstöðu umsóknar og framkvæmda ákvörðunina. Undantekningarnar eru eftirfarandi:

- Greiðsla fjárhagsaðstoðar
- Framkvæmd stuðningsþjónustu
- Greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Verði niðurstaða Akureyrarbæjar sú að synja skuli um þjónustu, skal viðeigandi aðildarsveitarfélag upplýst um ákvörðunina. Vilji umsækjandi þjónustunnar ekki una ákvörðuninni leiðbeinir Akureyrarbær umsækjanda um að hægt sé að áfrýja málinu til velferðarráðs Akureyrarbæjar og eftir atvikum vilji umsækjandinn ekki una niðurstöðu velferðarráðs Akureyrarbæjar getur viðkomandi kært mál sitt til Úrskurðarnefndar velferðarmála.

4. gr.

#### *Skólaþjónusta og einstaklingsstuðningur.*

Með samningi þessum tekur fræðslu- og lýðheilsusvið að sér mat á þörf fyrir einstaklingsstuðning, sérfræðiþjónustu við börn í leik- og grunnskólum auk námskeiða af hálfu skólaþjónustu. Um er að ræða eftirfarandi þjónustubætti:

Mat á þörf fyrir þjónustu:

- Einstaklingsstuðningur (félagsleg liðveisla)

Skólaþjónusta:

- Sálfræðilegar greiningar
- Sálfræðileg ráðgjöf
- Ráðgjöf vegna námsástundunar/skólasóknar
- Kennsluráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál
- Námslegar greiningar
- Ráðgjöf við gerð einstaklingsnámsáætlana
- Sérkennsluráðgjöf
- Teymisvinna vegna einstakra barna (þjónustuteymi)
- PMTO meðferð í foreldrafærni
- Uppeldisráðgjöf

Forvarnir:

- PMTO foreldrafærni námskeið
- Klókir litlir krakkar
- Önnur þau námskeið sem í boði eru hverju sinni

Í sérfræðipjónustu á sviði skólaþjónustu annast starfsfólk fræðslu- og lýðheilsusviðs þjónustu við leik- og grunnskóla. Þjónustan felst í ráðgjöf, stuðningi og greiningum sem snúa að námi, líðan, hegðun, samskiptum og almennum þroska. Samningurinn nær einnig til aðgangs að fagráðgjöf sérdeilda Síðuskóla og Giljaskóla og Hlíðarskóla sem er sérskóli. Almenn framkvæmir Akureyrarbær ákvarðanir skv. grein þessari og þar með talið mat á þjónustu vegna einstaklingsstuðnings en í undantekningartilvikum er ákvörðunin send til viðeigandi aðildarsveitarfélags, sem sér um framkvæmd ákvörðunnar. Undantekningin er eftirfarandi:

- Greiðsla vegna einstaklingsstuðnings

Önnur atriði sem ekki eru innifalin í samningi þessum eru almenn kennsluráðgjöf, ráðgjöf um skólaþróun, stjórnunar- og rekstrarráðgjöf og endur- og símenntunartilboð. Þá eru pláss í sérdeildum grunnskóla og Hlíðarskóla ekki hluti af samningi þessum.

Verði niðurstaða Akureyrarbæjar sú að synja skuli um þjónustu skv. þessari grein, skal viðeigandi aðildarsveitarfélag upplýst um ákvörðunina. Akureyrarbær skal þá tilkynna umsækjanda um ákvörðunina og jafnframt leiðbeina um viðeigandi kæruleiðir, lögum samkvæmt.

#### 5. gr.

##### *Framkvæmd þjónustunnar.*

Samningur þessi tekur til þeirra þjónustubátta sem taldir eru upp í 3. og 4. gr. samnings þessa og einnig eru gerð skil í 7. gr. samningsins, þ.e. hvaða þjónusta greiðist sameiginlega og hvaða þjónusta er sérkostnaður hvers aðildarsveitarfélags.

Akureyrarbær þarfnast ávallt staðfestingar aðildarsveitarfélaganna um hvort gera má samning við einkaaðila, sbr. 7. tl. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig þarf staðfestingu verkefnisins ef verkefnið felur í sér aukinn kostnað sem er umfram samning þennan. Í þeim undantekningartilvikum skal haldinn sérstakur upplýsingafundur með viðeigandi aðildarsveitarfélagi og fjárhagslegt uppgjör, sbr. 8. og 9. tl. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, milli samningsaðila um stöðu verkefnisins. Að öðru leyti gilda ákvæði 6. og 8. gr. samnings þessa um upplýsingagjöf og samskipti um framkvæmd verkefna.

Íbúar og stofnanir aðildarsveitarfélaganna njóta samskonar þjónustu og veitt er einstaklingum og stofnunum hjá Akureyrarbæ. Ferðakostnaður starfsmanna Akureyrarbæjar vegna samningsins er hluti af daglegum rekstrarkostnaði og dreifist því jafnt á alla notendur.

#### 6. gr.

##### *Samráð.*

Aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til þess að hafa gagnvirktt samráð um ákvarðanir innan þessa samstarfs sem hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar aðildarsveitarfélaganna eða leiða til verulegra breytinga á veittri þjónustu í málaflokknum.

Haldinn skal fundur árlega með öllum samningsaðilum, eigi síðar en 1. október ár hvert, til að meta samstarfið. Akureyrarbær skal boða til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem samstarf sveitarfélaganna skal rætt, sem og hugsanlegar breytingartillögur bornar upp og ræddar. Ef til breytinga kemur fer um málsmeðferðina skv. 9. gr. samnings þessa.

#### 7. gr.

##### *Kostnaðarskipting.*

Greiðsla aðildarsveitarfélaganna er af áætluðum kostnaði vegna yfirstjórnar félagsmála, fræðslu- og lýðheilsu mála og umsýslu verkefnisins í heild, s.s. bókhald, starfsmannahald ákveðinna starfsmanna, umsjón og samskipti vegna þjónustunnar sem samningur þessi nær til. Kostnaðurinn byggir á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun, sem sýnir útskiptingu á kostnaði allra aðildarsveitarfélagana.

Akureyrarbær sendir sveitarfélögunum reikning vegna þjónustunnar ársfjórðungslega.

Greiðslan er byggð á áætlun um kostnað við þjónustuna. Verði veruleg breyting á kostnaði, meira en 3% frávik, frá áætlun má taka upp kostnað viðkomandi árs.

### Sameiginlegur kostnaður sem skiptist eftir íbúafjölda aðildarsveitarfélaga:

- Stjórnsýsla er snýr að félagsþjónustu og skólaþjónustu.
- Móttaka og vinnsla umsókna um fjárhagsaðstoð, félagslega ráðgjöf og skólaþjónustu.
- Umsókn og utan um hald á sjúkra- og endurhæfingaaætlunum auk eftirfylgni.
- Móttaka umsókna, vinnsla þeirra, ráðgjöf og mat á þörf fyrir stuðningsþjónustu.
- Mat á þörf fyrir úrræði, s.s. Öskjuna, stuðningsfjölskyldum í félagsþjónustu, samþættingu á 2. stigi og öðrum úrræðum sem tengjast börnum og fjölskyldum þeirra.
- Ákvarðanatöku og ábyrgð á vinnslu mála.
- Lögfræðiþjónusta í félagsþjónustu, þ.e. ráðgjöf, gerð greinargerða í málum sem varða þjónustu sem ná til samnings þessa t.d. til eftirlitsstofnana og úrskurðarnefnda, heimildir skv. löggræðislögum og dómsmál á fyrsta dómstigi.
- Móttaka umsókna, vinnsla þeirra og mat á þörf fyrir einstaklingsstuðning
- Rekstrartæki, önnur verðmæti og önnur mikilvæg atriði sem varða framkvæmd verkefnisins og fjárútlát vegna þess. Engin mannvirki heyra undir samning þennan.

Greiðslur vegna þjónustunnar eru reiknaðar út frá heildar launakostnaði velferðarsviðs og fræðslu- og lýðheilsusviðs þeirra starfsmanna sem sinna þeim verkefnum sem um ræðir. Að auki er gert ráð fyrir hlutfallslegri þátttöku í yfirstjórn, bókhaldi og launavinnslu.

Greiðsla vegna þjónustunnar skal endurskoðuð ár hvert miðað við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands í janúar árið á undan. Þannig er íbúafjöldi 1.1.2025 grundvöllur fyrir kostnaðarskiptingu á árinu 2026. Heildarfjárhæð vegna ársins 2026 er 697.355.434 kr. Kostnaður fyrir árin 2027 og 2028 skal byggja á uppreikningi heildaráætlunar ársins 2026 og skal uppreiknast að 85% skv. vísitölu launa starfsmanna sveitarfélaga, grunnur apríl 2025 er 175,5 og 15% skv. vísitölu neysluverðs, grunnur apríl 2025 er 649,7. Við uppreikning áætlaðs kostnaðar vegna 2027 skal nota vísitölu launa starfsmanna sveitarfélaga apríl 2026 og vísitölu neysluverðs apríl 2026.

Fjárhæðirnar þarfnast árlegrar endurskoðunar og byggir á 12 mánaða tímabili, þær verða næst endurskoðaðar vegna uppgjors ársins 2026 og svo árlega eftir það.

Greiðslur vegna ársins 2026 verða sem hér segir:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2025	Hlutfall	Fjárhæð
Akureyrarbær	20.050	87%	608.600.002
Eyjafjarðarsveit	1.184	5%	35.939.272
Hörgarsveit	847	4%	25.709.935
Svalbarðsstrandarhreppur	504	2%	15.298.474
Grýtubakkahreppur	389	2%	11.807.751
<b>Samtals</b>	<b>22.974</b>	<b>100%</b>	<b>697.355.434</b>

### Sérkostnaður hvers aðildarsveitarfélags:

Kostnaður vegna úrræða samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga greiðist af lögheimilissveitarfélagi þjónustunotanda. Einnig sérstaklega stórir kostnaðarliðir eins og málskostnaður á æðra dómstigi og annað eftir atvikum í samráði milli forstöðumanns félagsþjónustu velferðarsviðs Akureyrarbæjar, forstöðumanns skólaþjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs og forstöðumanns tómstundamála fræðslu- og lýðheilsusviðs og sveitarstjóra viðeigandi aðildarsveitarfélags.

Skólavist í sérdeildum Giljaskóla og Síðuskóla auk skólavistunar í Hlíðarskóla er utan samnings.

8. gr.

#### Upplýsingagjöf.

Við móttöku umsókna um mat á þjónustu vegna fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu, stuðningsfjölskyldu og/eða einstaklingsstuðnings, sbr. 3. og 4. gr. samnings þessa, skal Akureyrarbær upplýsa viðeigandi aðildarsveitarfélag. Telji viðkomandi sveitarfélag að það hafi upplýsingar sem mikilvægt sé að horfa til við úrvinnslu máls áður en ákvörðun samkvæmt 2. gr. liggur fyrir skal sveitarfélagið tilkynna það innan þriggja virkra daga.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefni sem falla undir samning þennan hjá Akureyrarbæ og bæjarfulltrúar Akureyrarbæjar, skv. 28. og 96. gr. svstjl.

Að öðru leyti gilda ákvæði svstjl. um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög nr. 90/2018, um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokk.

9. gr.

*Starfsfólk.*

Allir ráðgjafar heyra beint undir sviðsstjóra og/eða forstöðumenn á velferðarsviði eða fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar. Starfsmenn sem framkvæma stuðningsþjónustu og einstaklingsstuðning vegna þjónustuþega aðildarsveitarfélaganna eru starfsmenn aðildarsveitarfélaga.

10. gr.

*Úrsögn sveitarfélags.*

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að samningi þessum skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til Akureyrarbæjar fyrir 1. júlí vegna næsta árs. Tekur úrsögn þá gildi við næstu áramót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt allan þann kostnað sem því ber, sbr. 7. gr. samnings þessa.

11. gr.

*Endurskoðun.*

Við gerð þessa samnings er miðað við ákveðnar forsendur sem koma fram í samningnum sjálfum. Samningsaðilar eru sammála um að ef þessar samningsforsendur breytast í verulegum atriðum geti þeir hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á samningnum. Skal það erindi sent skriflega til Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri velferðarsviðs Akureyrarbæjar og/eða sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar boðar til fundar með aðildarsveitarfélögum. Sé talin þörf á endurskoðun skal unnið að breytingartillögum og málið lagt fyrir velferðarráð og fræðslu- og lýðheilsuráð Akureyrarbæjar og sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna.

Ef breytinga á samningi þessum gerist þörf skal málið lagt fyrir allar sveitarstjórnir samningsaðila í tvígang auk þess skal óska eftir staðfestingu viðeigandi ráðuneytis, sbr. 18., 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

12. gr.

*Meðferð ágreiningsmála.*

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til Héraðsdóms Norðurlands eystra náist ekki samkomulag milli aðila.

13. gr.

*Gildistaka.*

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2026.

Við gildistöku samnings þessa falla úr gildi samningar um ráðgjafarþjónustu til aðildarsveitarfélaganna dags. 30. mars 2017.

Af samningi þessum eru gerð sex samhljóða eintök, eitt handa hverjum samningsaðila og eitt til ráðuneytisins í samræmi við 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þannig samþykkt:

í bæjarstjórn Akureyrarbæjar	dags.
í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar	dags.
í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps	dags.
í sveitarstjórn Hörgársveitar	dags.
í sveitarstjórn Svalbarðsstrandahrepps	dags.